



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.12.02

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til endur-
reisnar íslenskum skipaiðnaði, 38. mál.**

Samtök iðnaðarins og Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði lýsa ánægju með þann áhuga á málefnum íslensks skipaiðnaðar sem fram kemur í ofangreindri tillögu til þingsályktunar.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni var samskonar tillaga flutt á síðasta þingi. Í umsögn samtakanna frá 11.03.02 var þess getið að verið væri að ljúka viðamikilli úttekt á starfsskilyrðum skipaiðnaðarins í samanburði við önnur lönd innan ESB. Þess var jafnframt getið að í ljósi hennar yrðu gerðar tillögur um aðgerðir á einstökum sviðum sem lúta að því að bæta starfsumhverfið og jafna það í samræmi við umhverfi erlendra keppinauta. Einnig var sagt að kynntar yrðu nauðsynlegar aðgerðir innan fyrirtækjanna sjálfra til að bæta rekstur og menntun starfsfólks.

Umræddri úttekt er lokið og niðurstöður hennar voru gefnar út í skýrslu í september síðastliðnum. Þar er saman kominn mikill fróðleikur um samkeppnisstöðuna og gerð grein fyrir tillögum í fimm liðum sem lagt er til að unnið verði að til að efla þessa starfsgrein og treysta í harðri alþjóðlegri samkeppni. Um þessar mundir vinnur fjögurra manna nefnd skipaiðnaðarfyrirtækja að því að útfæra verkefni sem byggjast á ofangreindum tillögum. Þeirri vinnu lýkur von bráðar og verða fullmót- aðar verkefnatillögur þá kynntar iðnaðarráðherra. Þegar þeirri vinnu lýkur ríður á að koma þeim í framkvæmd.

Eins og gefur að skilja veltur á miklu að gott samstarf takist við löggjafann og framkvæmdavaldið um að hrinda þessum tillögum í framkvæmd enda þjóðarnauðsyn að endurreisa íslenskan skipaiðnað eins og flutningsmenn þingsályktunarinnar leggja áherslu á. Eflaust yrði það styrkur fyrir málefnið að löggjafinn fæli ríkisstjórninni að skipa nefnd til að hafa yfirumsjón með verkefnum og aðgerðum sem samstaða næðist um að vinna að. Þar með væru tekin af öll tvímæli um að löggjafarvaldið, framkvæmdavaldið, hagsmunasamtök skipaiðnaðarins og starfsmanna hans ætli að tryggja framtíð öflugs og blómlegs skipaiðnaðar hér á landi.

**Samtök iðnaðarins,
Málmur** – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði


Ingólfur Sverrisson
deildarstjóri